

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um fjölgun og eflingu ungmennahúsa í borginni

Lagt er til að borgin fjölgi ungmennahúsum þannig að þau verði að lágmarki tvö og staðsett í sitthvorum borgarhluta. Annað þeirra verði staðsett í miðborginni með skýra áherslu á menningu, listir og skapandi starf fyrir ungt fólk. Hitt ungmennahúsið verði áfram staðsett á núverandi stað. Jafnframt er lagt til að menningar- og íþróttasviði, í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið, verði falið að finna hentugt húsnæði í miðborginni fyrir starfsemina. Markmið tillögunnar er að skapa aukin tækifæri fyrir ungt fólk til þátttöku í menningu og listum, efla félagslega þátttöku og bregðast markvisst við þeim vanda sem felst í auknu atvinnuleysi og vaxandi hópi ungs fólks sem er ekki í námi, starfi eða annarri virkni. Einnig er lagt til að starfsemi ungmennahúsanna nái til aldurshópsins 16–30 ára í samræmi við evrópsk viðmið um skilgreiningu á ungmennastarfi.

Greinargerð

Sá hópur ungs fólks sem er hvorki í vinnu, námi né annarri virkni hefur farið stækkandi á Íslandi. Ungmennahús með skýra faglega og félagslega umgjörð geta orðið lykilverkfæri í að ná til þessa hóps (svonefnds NEET-hóps) og draga úr félagslegri einangrun, vanlíðan og langvarandi atvinnuleysi. Tillaga til að mæta stöðu þessa hóps hefur verið lögð fram af borgarfulltrúum Framsóknar en henni var vísað til borgarstjóra og óvissa er um framvindu hennar.

Ungmennahús í miðborginni með áherslu á menningu og listir myndi skapa aðstöðu fyrir tónlist, myndlist, sviðslistir, hönnun, stafræna miðlun og aðrar skapandi greinar. Þar gætu verkefni á borð við Götuleikhúsið, Músíktílaunir, Unglist og önnur menningarstarfsemi ungs fólks átt sér heimili.

Slíkur vettvangur getur eflt sköpun, sjálfsmynd og félagsfærni ungs fólks, aukið aðgengi að menningu fyrir fjölbreyttan hóp og myndað brú yfir í nám, starfsþjálfun og störf í skapandi greinum. Aðgengi að skapandi störfum getur jafnframt verið sérstaklega mikilvægt fyrir ungt fólk sem hefur ekki fundið sig í hefðbundnu námi eða starfi og þannig stuðlað að virkni og aukinni þátttöku í samfélaginu.

Með tveimur ungmennahúsum í sitthvorum borgarhluta verður aðgengi að starfi Hins hússins bætt til muna. Mikilvægt er að húsin verði opin og aðgengileg öllum ungmennum, óháð bakgrunni eða stöðu.

Fjölgun ungmennahúsa styður við markmið borgarinnar um forvarnir og velferð.

Mikilvægt er að ungmennahúsin starfi í nánú samstarfi við grunn- og framhaldsskóla, frístundastarf borgarinnar, félagasamtök, Vinnumálastofnun, félagsþjónustu og menningarstofnanir. Þörf er á heildstæðri nálgun til að skapa samfellu í þjónustu við ungt fólk og styðja betur við skapandi greinar, virkni, menntun og atvinnuþátttöku.